

## Kvenfrelsunaröskur

Þær öskruðu fyrst á sjóinn til að mótmæla vansæld sinni og karldjöflinum. Síðan öskruðu þær á Lækjartorgi í nafni réttlætis. Nú þyrftu öll kyn að öskra, segja þær. (Þó varla ofbeldiskarlarnir - eða hvað?) Þarna eru spakar konur á ferð. Segja t.d., að helmingi kvenna sé nauðgað eða konur beittar alvarlegu kynofbeldi öðru - af körlum væntanlega. (Þá er ótalið það ofbeldi, sem konur beita konur.) Þær segja að aga þurfi drengi til um tíu ára aldur í skólakerfinu, svo framkoma þeirra gæti orðið þóknanleg konum.

En vonandi kemur að því, að vandað verði til verksins, svo um muni, og drengirnir vanaðir. Þá munu þeir syngja kvenraddir. Það er hvort sem er nóg sæði til í sæðisbönkunum. "Það er nóg til." En það mætti reyna að öskra á þá fyrst. Ég segi eins og einn athugasemdahöfundur; "mikið rosalega vildi ég fokking mikið öskra með ykkur." Það á vitaskuld að taka öskur kvenna í alvöru, rétt eins og kvartanir þeirra um; lág laun, heimilisstörf, meðgöngu barna og brjóstagiöf.

Refsa skyldi körlum umyrðalaust fyrir ofbeldi gegn kynsysturum, fyrir að vera þeim stöðugt til ama og leiðinda. Það er með öllu óþarft að halda úti dómstólum á kostnað skattgreiðenda. Þannig verður best komið til móts við hina fornu kvenréttindakröfu um, að konur megi fullorðnast í friði og spekt - og bera ábyrgð á sjálfum sér. Í ljósi eitraðar karlmennsku er ekki nema von, að ný ofeldisumkvörtunarbylgja sé risin. En það er huggun harmi gegn, að Helga Vala Helgadóttir, Katrín Jakobsdóttir, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Þorsteinn Einarsson og Víðir Reynisson, trú sakaráberum.

Því er það í sjálfu sér óþarfi að fræða dómara frekar um, hvernig þeir geti ljúfmannalegast tekið á ákærum um kynbudið ofbeldi, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, sjónrænt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og annað það ofbeldi, sem konur eru beittar dagfarslega, svo dæma megi sem lipurlegast og forðast megi enduráfallastreituröskun sakaráberanna. Til bráðabirgða mætti í uppeldis- og siðbótarskyni koma fyrir upptökuvélum í búningsklefum karlþróttamanna, sem beintengdar væru kynferðisafbrotadeild Ríkislögreglustjóra og Siðvendnieftirlitsins.

Óþverratál þeirra um konur í andstyggilegum karlkima er öllum körlum til ósóma og lýsir alvarlegu kvenhatri. Það er ákveðið áhyggjuefni, að standa skuli á frekari fjárveitingum til Stígamóta, Bjarmahlíðar, Bjarkahlíðar og Kvennaathvarfs, en bylgjan skellur á þeim líka. En þrátt fyrir allt! Það örlar fyrir árroðanum. Verum bjartsýn. Fram, þúsund konur í þjáðum löndum!!! Réttlætið mun sigra!! Kvenréttarríkið er í þann mund að rísa!!! Frelsið er í augsýn!!

[https://stundin.is/grein/13432/?fbclid=IwAR1iUSTJy2GkkOAunf0b7\\_uPt3VAP5bw1W-u3vypFQgpa\\_Tb0Xa6SfBe\\_Y](https://stundin.is/grein/13432/?fbclid=IwAR1iUSTJy2GkkOAunf0b7_uPt3VAP5bw1W-u3vypFQgpa_Tb0Xa6SfBe_Y)